

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 516/2010

2012/EES/7/40

frá 15. júní 2010

um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.nóvember
1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽²⁾,
einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fódur.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr.1831/2003 er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fódri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir aukefninu, sem er tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð, var lögð fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Fyrstu athugasemdirnar um þá umsókn, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessa umsókn áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.
- 5) Notkun ensímefnablöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem Aspergillus aculeatus

(CBS 589.94) framleiðir, endó-1,4-beta-glúkanasa, sem Trichoderma longibrachiatum (CBS 592.94) framleiðir, alfa-amýlase, sem Bacillus amyloliquefaciens (DSM 9553) framleiðir, og endó-1,4-beta-xýlanasa, sem Trichoderma viride (NIBH FERM BP 4842) framleiðir, var leyfð til bráðabirgða fyrir varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1458/2005 ⁽³⁾. Notkunin var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005⁽⁴⁾ og fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1284/2006 ⁽⁵⁾.

- 6) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa ensímefnablöndu fyrir varphænur.
- 7) Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímefnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, er leyfð án tímamarka sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 16.6.2010, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 22.12.2011, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 233, 9.9.2005, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 235, 30.8.2006, bls. 3.

VIBAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald	innihald		
Virknisneingar/kg heilföðurs								
Ensim								
E 1621	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Blanda með: endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem <i>Aspergillus aculeatus</i> , (CBS 589.94) framleiðir, endó-1,4-betaglúkanasa, sem <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94) framleiðir, alfaamýlasi, sem <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) framleiðir og endó-1,4-beta-xýlanasa, sem <i>Trichoderma viride framleiðir</i> . (NIBH FERM BP4842)	Varphætur	—	endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 500 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 6 000 U alfa-amýlasi: 20 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 500 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggþun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 500–1 500 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 6 000–18 000 U alfa-amýlasi: 20–60 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 500–31 500 U 3. Til nota í fôðurblöndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum betaglúkónum og arabinoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda 30–50% hveiti.	Án tímamarka.
	Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4							
	Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1							
	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8							

(¹) 1 U er það magn ensims sem leysir 0,0056 mikrómol af oxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH-gildið 7,5 og 30°C.

(²) 1 U er það magn ensims sem leysir 0,0056 mikrómol af oxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr karboxýmetyliseltulösa við pH-gildið 4,8 og 50°C.

(³) 1 U er það magn ensims sem vatnsýfur 1 mikrómol glúkósiðengja á mínútu úr vatnsleysanlegri, vaxillengdri sterkjufrjöllu við pH-gildið 7,5 og 37°C.

(⁴) 1 U er það magn ensims sem leysir 0,0067 mikrómol af oxandi sykra (xýlösejafngilda) á mínútu úr xýlani úr brikiviði við pH-gildið 5,3 og 50°C.